

Þróunarsjóður innflytjendamála 2014

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: Tungumál er gjöf

Nafn styrkþega: Fríða Bjarney Jónsdóttir

Útdráttur: Öll börn þurfa að læra tungumál og sum börn þurfa að læra fleiri en eitt tungumál strax á unga aldri. Verkefnið „Tungumál er gjöf“ fólst í að þýða og staðfæra danska námsefnið Sprog er en gave og setja það upp sem vef fyrir leikskóla þar sem markmiðið er að efla mál og læsi barna sem læra íslensku sem annað mál, í samvinnu við foreldra. Efnið skiptist í þrjá hluta:

- **Málörvun í leikskóla**
- **Málörvun og foreldrasamstarf**
- **Málörvun heima**

Vefurinn er settur upp sem aðgengileg handbók með stuðningsefni fyrir leikskólakennara til að skipuleggja starfið með börnunum í leikskólanum og styðja foreldra við að efla mál og læsi barna sinna á heimavelli. Vefinn er hægt að nýta í heilu lagi eða sem afmörkuð viðfangsefni á starfsmannafundum, deildarfundum, og fræðslufundum samstarfi þeirra sem vilja efla þekkingu sína á þessu málefni. Hann er einnig hægt að nýta sem kennsluefni fyrir kennaranema og í símenntun starfsfólks sem sinnir málörvun tví- og fjöltyngdra barna. Öll verkefni á vefnum eru sett upp sem PDF skjöl sem auðvelt er að prenta út og nýta í umræðum og verkefnum í samstarfi leikskólakennara annarsvegar og í samstarfi við foreldra hinsvegar.

Til viðbótar geta leikskólakennarar og foreldrar kynnt sér stuttmyndina „[Tungumálið er gjöf frá mömmu og pabba](#)“ sem fjallar um mikilvægi þess að tala við börn og vinna með orðaforða þeirra og bernskulæsi. Stuttmyndin er fáanleg á níu tungumálum á dönsku heimasíðunni www.ltk.dk/sprog-er-en-gave.

Höfundar efnisins eru Mette Wybrandt og Beata Engels Andersson og er efnið þýtt með leyfi frá Ministeret for børn, ligestilling, integration og sociale forhold í Danmörku. Verkefnastjóri verkefnisins var Fríða Bjarney Jónsdóttir, þýðandi var Nanna K. Christianssen og vefönnuður var Katrín Helena Jónsdóttir.